

frá morgni

★ Í dag er föstudagurinn 2. nóvember. Allra sálma messa. Tungl í Hásuðri kl. 16.18. Árdagsháflæði kl. 7.47. Síðdegisháflæði kl. 20.10.

til minnis

★ Næturvarzla vikuna 27. október til 3. nóvember er í Vesturbæjarapóteki. sími 22290.

★ Neyðarlæknir vakt alla daga nema laugardaga kl. 13—17 sími 11510

★ Slysavörðstofan í heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhringinn. næturlæknir á sama stað kl. 18—8. sími 15030

★ Stökuvilið og sjúkrahúsið. sími 11100

★ Lögreglan sími 11166

★ Holtapótek og Garðsapótek eru opin alla virka daga kl. 9—19. laugardaga kl. 9—16 og sunnudaga kl. 13—16

★ Hafnarfjarðarapótek er opið alla virka daga kl. 9—19. laugardaga kl. 9—16 og sunnudaga kl. 13—16

★ Sjúkrahúsið Hafnarfirði sími 51336

★ Kópavogsapótek er opið alla virka daga kl. 9.15—20. laugardaga kl. 9.15—16. sunnudaga kl. 13—16

★ Keflavíkurapótek er opið alla virka daga kl. 9—19. laugardaga kl. 9—16 og sunnudaga kl. 13—16

★ Útivist barna. Börn yngri en 12 ára mega vera úti til kl. 20.00 börn 12—14 ára til kl. 22.00. Börn og unglingar innan 16 ára er óheimil að ganga að veitinga- og söslustöðum eftir kl. 20.00

★ Rakarastofurnar eru opnar til klukkan fjögur e.h. á laugardögum til 1. janúar. Á föstudögum er lokað klukkan sex e.h. eins og aðra daga.


söfnin

★ Bókasafn Dagsbrúnar er opið föstudaga kl. 8—10 e.h., laugardaga kl. 4—7 e.h. og sunnudaga kl. 4—7 e.h.

★ Þjóðminjasafnið og Listasafn ríkisins eru opin sunnudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga kl. 13.30—16

★ Bæjarbókasafnið Þingholtstræti 29A sími 12308 Útlánsdeild. Opið kl. 14—22 alla virka daga nema laugardaga kl. 14—19. Lesstofa. Opið kl. 10—22 alla virka daga nema laugardaga kl. 10—19. sunnudaga kl. 14—19. Útibúið Hólmgarði 34. Opið kl. 17—19 alla virka daga nema laugardaga kl. 17.30—19.30 alla virka daga nema laugardaga kl. 13—19

Krossgáta Þjóðviljans



★ Nr. 16. — Lárétt: 1 konung, 6 breyta, 7 fornaft, 9 frumefni, 10 karlnafn, 11 hjálp, 12 tala, 14 samstæðir, 15 hrópa, 17 spítali. Lódrétt: 1 kaupstaður, 2 eins, 3 ábreiðu, 4 eins, 5 mjóar, 8 þúki, 9 lærdómur, 13 stefna, 15 sérhljóðar, 16 hermum eftir.

kl. 17—19 alla virka daga nema laugardaga. Útibúið Hofsvallagötu 16. Opið kl. 17.30—19.30 alla virka daga nema laugardaga.

★ Tæknibókasafn IMSI er opið alla virka daga nema laugardaga kl. 13—19

★ Listasafn Einarssonar er opið sunnudaga og miðvikudaga kl. 13.30—15.30

★ Minjasafn Reykjavíkur Skúlatúni 2 er opið alla daga nema mánudaga kl. 14—16

★ Bókasafn Kópavogs útlán þriðjudaga og fimmtudaga í báðum skólunum

★ Landsbókasafnið. Lestrarsalur opin alla virka daga kl. 10—12. 13—19 og 20—22 nema laugardaga kl. 10—12 og 13—19. Útlán alla virka daga kl. 13—15

★ Þjóðskjalasafnið er opið alla virka daga kl. 10—12 og 14—19

★ Ásgrímssafn Bergstaðastræti 74 er opið þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga kl. 13.30—16

skipin

★ Eimskipafélag Íslands Brúarfoss kom til Reykjavíkur 27. f.m. frá N.Y. Dettifoss fór frá Hafnarfirði 30. f.m. til Dublin. Fjallfoss fór frá Kaupmannahöfn 29. f.m. til Reykjavíkur. Godafoss fór frá Akrapesi 28. f.m. til N.Y. Gullfoss fór frá Reykjavík kl. 21.00 í kvöld til Hamborgar og Kaupmannahafnar. Lagarfoss kom til Leningrad 30. f.m. fer þaðan til Kotka. Reykjavíkur kom til Hafnarfjarðar 30. f.m. frá Hull. Sel-foss kom til N.Y. 28. f.m. frá Dublin. Tröllafoss fór frá Hull í gær til Leith og Rvíkur. Tungufoss fór frá Lysekil í dag til Gravarna. Fur og Kristiansand.

★ Skipadeild SIS. Hvassafell fór 31. október frá Archangel á leiðis til Honfleur. Arnarfell lestar á norðurlandshöfnunum. Jökulfell fór 31. okt. frá London á leiðis til Hornafjarðar. Disarfell er í Brom-borow, fer þaðan vantarlega í dag á leiðis til Malmö og Stettin. Litlafell er í olíuflutningum í Faxaflóa. Helga-fell er vantarleg til Reykjavíkur í kvöld. Hamrafell fór 28. október frá Batumi á leiðis til Reykjavíkur.

★ Hafskip. Lasá er í Gravarna. Rangá lestar á Austfjarðarhöfnunum.

★ Jöklar h.f. Drangajökull lestar á Austfjörðum. Lang-jökull er á leið til Íslands frá Hamborg. Vatnajökull er í Vestmannaeyjum.

★ Skipautgerð ríkisins. Hekla er á Vestfjörðum á norður-leið. Esja er á Austfjörðum á norðurleið. Herjólfur fer frá Hornafirði í dag til Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Þyrill er í Hamborg. Skjald-breid er vantarleg til Reykjavíkur í dag frá Breiðafjarðarhöfnunum. Herðubreið er í Rvík.

vísan

★ Þegar kólnaði í tíðinni varð mörgum hugsað til Vegturastofunnar og henni margt bænarkvak sent um betra veður. Napurt geisar norðanbál, niður fönnum hleður, blár af kulda bið ég Pál um blíðlyndara veður. Bau.

flugioð

★ Millilandaflug Loftleida. Snorri Sturluson er vantarlegur frá N.Y. kl. 8. Fer til Oslóar, Gautaborgar. Kaupmannahafnar og Hamborgar kl. 9.30 Þorfinnur Karlsefni er vantarlegur frá Amsterdam og Glasgow kl. 23 og fer til N.Y. kl. 0.30.

★ Millilandaflug Flugfélags Íslands. Skýfaxi fer til Glasgow og Kaupmannahafnar kl. 8.00 í dag. Vantarleg aftur til Reykjavíkur kl. 15.15 á morgun. Innanlandsflug: Í dag er áætlað að fljúga til Akureyrar (2 ferðir). Fagurhólmstýrar. Hornafjarðar. Ísafjarðar. Sauðárkrúks og Vestmanna-eyja. Á morgun er áætlað að fljúga til Akureyrar (2 ferðir) Egilsstaða. Ísafjarðar. Húsavíkur og Vestmannaeyja.

Flókatrippavísur

★ Ortar í tilefni af mynd og texta er birtist á 12. síðu Þjóðviljans í gær. Sorgfullt er auga, sútt á brá, síðhærða bikkju örlög hrjá, þykir mér öllum þokka sneydd

Þjóðviljadrögin hölt og meidd. Móri.

Þjóðviljanum þrátt er falid þungan bera þross. Andansmerki oss er valið, útigengið hross. Sámur.

Fljótt kemur víðreisnin laun- um í lög, oss langar að drekka okkur hálf.

Í svipnum á þrautpíndri Þjóðviljadrög bekkjum við strax okkur sjálfa. Glámur.

sýningar

★ Ester Ásgerður Búadóttir sýnir að Karfagöti 22. Sýningin verður opin daglega kl. 2—10 síðdegis til 6. nóvember. Magnús A. Arnason sýnir í Bogasalnum. Sýningin verður opin daglega kl. 2—10 síðdegis til 4. nóvember. Hafsteinn Austmann sýnir í Kastalagerði 7 í Kópavogi. Sýningin verður opin kl. 2—10 daglega til 3. nóvember. Haya W. Hansen sýnir á Mokka-kaffi. Sýningin verður opin til 10. nóvember. Sam-band íslenskra stúdenta erlendis heldur sýningu á 140 málverkaeftirprentunum í Listamannaskálanum. Sýningin verður opin til sunnudagskvölds.

til kvölds

útvarpið

Fastir liðir eins og venjulega. 13.15 Lesin dagskrá næstu viku 14.40 „Við sem heima stíum“: Svandís Jónsdóttir les úr endurminningum tíðkudrottningarinnar Schiaparelli. 17.40 Framburðarkennsla í esperanto og spænsku. 18.00 „Beir gerðu garðinn frægan“: Guðmundur M. Þorláksson talar um Sæmund fróða Sigfús-son. 20.00 Erindi: Óttar af Hálogalandi og Elfráður ríki

leiðrétting

★ Í frétt á 12. síðu blaðsins í gær, þar sem skýrt er frá kröfum starfandi sjómanna um fund í Sjómannafélagi Reykjavíkur vegna bátasamninganna er m.a. talað um Jón Ingimundarson í Áburðarverksmiðjunni en á að vera Sigurður Ingimundarson, sem er vatnamælingamaður Áburðarverksmiðjunni. Er Sigurður beðinn velvirðingur á því að nafn hans skyldi niðurfalla úr hinum fríða hópi í gær.

bazar

★ Systrafélagið Alfa. Eins og auglýst var í blaðinu í gær, heldur Systrafélagið Alfa. Rvík, bazar sinn næstkomandi sunnudag (4/11) í Félagsheimili Verzlunarmanna, Vonarstræti 4. Bazarinn verður opnaður kl. 2.

samkomur

★ Kristniðóðsfél. kvenna. Rvík hefur árlega fórnarsamkomu sína í Kristniðóðshúsinu „Bethaníu“ Laufásveg 13. Laugardaginn 3. nóv. klukkan 8.30 e.h. — Dagskrá: 1. Kristniðóðspáttur: Margrét Hróbjartsdóttir, kristniðóð. 2. Hugleiðing: Gunnar Sigurjónsson guðfræðingur. 3. Söngur og fleira. Góðir Reykvikingar verjið hjartanlega velkomnir. Allur ágóði rennur til Konso.

gengið

★ 1 Enskt pund	120.57
1 Bandaríkiadollar	43.06
1 Kanadadollar	40.04
100 Danskar krónur	621.81
100 Norskar krónur	602.30
100 Sænskar krónur	835.58
100 Fínnsk mörk	13.40
100 Franskir fr	878.64
100 Belgískir fr	86.50
100 Svissneskir fr	905.27
Gyllini	1.193.00
100 V-þýzk mörk	1.075.53
100 Tékkn krónur	598.00
1000 Lírur	69.38
100 Austurr. sch.	166.88
100 Pesetar	71.80

afmæli

★ 90 ára er í dag Guðrún Eiríksdóttir Hallveigastíg 6a í dag verður Guðrún stödd á Vesturvallagötu 2.

★ Tryggvi Sigfússon, verka- maður, Hófgarði 9 Kópavogi, verður sjötugur í dag.

Forsætisráðherra Jemens:

Munum biðja Sovétríkin um hjálp ef þörf krefur

Enn er barizt á landamærum Jemens og ber fréttum ekki saman, hverjir þar eiga við. Lýræðisstjórnin segist eiga í höggi við innrásarher frá Saudi-Arabíu og Jórdaníu. en talsmenn gömlu yfirdrottinnaranna kalla hermenn lýðveldisstjórnarinnar Egypta. Útvarpið í Mekka tilkynnti í fyrsta, að 180 Egyptar hefðu fallið í bardögum um og náðst hefði mikil herfang.

Maður sem fullyrti að hann væri Imam Múhameð El-Bard, fyrrum einvaldskonungur í Jem- en flutti útvarpsávarp á þriðju- dag og bað þjóð sína að vera þolinmóða, hinar sigrandi her- sveitir hans væru á leiðinni.

Í upphafi byltingarinnar var talið að konungurinn hefði látið lífið undir rústum hallar sinnar en seinna tilkynntu byltingarmenn, að hann hefði látið af sárnum sínum á sjúkrahúsi.

Salla! hershöfðingi tilkynnti í gær, að mynduð hefði verið ný ríkisstjórn, og myndi hann sjálfur gegna embættum forseta og forsætisráðherra. Tveir ráðherrar úr hinni nýju stjórn, sem staddir eru í Egyptalandi, lýstu því yfir, í gær að Jemenbúar myndu sækja aðstoðar Sovétríkja og annarra vinveittra ríkja, ef innrásin frá Saudi-Arabíu og Jórdaníu yrði ekki stöðvuð.

RÆÐA BJÖRNS

Framhald af 5. síðu. fylgt hafa dýrtíðar og kjara- skerðingarstefnu undanfarinna ára.

Tilraun til að breyta tekjuskiptingunni

Sjálf hin beina og óumdeil- anlega skerðing lífskjara lág- launafólks á síðastliðnum 3—4 árum, sem orðin er svo aug- ljós, að jafnvel ráðherrar hv. víðreisnarstjórnarinnar eru nú farnir á opinberum vett- vangi að víðurkenna nauðsynna og háekkun láglanna, eins og hv. víðskiptamálaráðherra hefur nýlega gert — er þó engan veginn eina átriðið, sem meta ber þegar skattstefna hv. ríkis- stjórnar er athuguð. Kjara- skerðingin á þessu afmarkaða tímabili er þar jafnvel ekki að- alatriðið, vegna þess að það er jafnvíst eins og dagur fylgir nótt að fyrr eða síðar brjóta vinnustéttirnar slíka tíma- bundna lífskjarskerðingu af sér með einhverjum hætti. Hitt er miklu alvarlegra mál og við- sjárverðara að með stefnu núv- stjórnarflökka er verið að gera vel hugsaða tilraun til þess að breyta varanlega einum mikil- verðasta þætti í sjálfri byg- gingu þjóðfélagsins, þ. e. a. s. tekjuskiptingunni til hagsbóta og betri aðstöðu þeirra sem ráða yfir fjármagninu, gróða- stéttanna, auðfélaganna — gegn hagsmunum þeirra sem með starfi sínu og stríti skapa und- irstöðuna að þjóðartekjum og þjóðarauði.

Stefnubreyting yrði metin að verðleikum

Það er því áreiðanlega ekki sýtt þessi ástæða, — þessi skilningur á eðli nyrkjandi stjórnarstefnu, sem veldur því að verkafélagssamtökin hafa í öllum ályktunum sínum um þessi mál lagt á það hina þyngstu áherzlu, að hér yrði breytt um stefnu og a.m.k. nokkur hluti söluskattanna, verðpensluskattanna, yrði með öllu afnumin og það er einmitt af þessum sökum að slíkar ráð- stafanir yrðu áreiðanlega metnar til hærri áreiðna heldur en svarar til þess beina sparnaðar í daglegum útgjöldum heim- ilanna sem af slíkum ráðstöf- unum mundi leiða.

Tala fagurlega — en meta orð sín einskis

Sjálf stefnubreytingin, sem slíkar ráðstafanir bæru merki um yrði því þung á metum, en jafnframt væri auðvelt að lákka þegar í stað mjög veru- lega framfærslukostnað laun- begaheimilanna og með þeim hætti stefna að því að setja niður deilur um launakjörin og skapa þann „vinnufrið“, sem hv. stjórnsinnar tala oft svo fagurlega um, en meta oftast einskis þegar á reynir.

Í lok ræðu sinnar vék Björn nokkrar nánar að niðurfellingu víðbótarsöluskattsins og þeirri nauðsyn að hverfa að fullu frá þeirri stefnu, sem núverandi ríkisstjórn hefur tekið upp í skattamálum. Verður nánar vikið að þeim hluta síðar, eftir því sem tilefni gefist til.

Siqueiros

Framhald af 6. síðu. frá Mexico; hún sagði hann mjög farnir að heilsu eftir margra mánaða dvöl í einmennings- kilefa og slæga læknishjálpi. Hvatta hún alla menn sem þekktu list föður síns að taka þátt í mótmælum gegn hinum réttlátu dóm yfir honum.

Er hægt að hindra

Framhald af 7. síðu. gegn tillögum um nýja stefnu, er skylt að minnst þess, að sérhver stefna í alþjóðamálum felur í sér nokkra áhættu, eins og nú standa sakir í veröldinni, og að langmesta og bráðasta áhættan er einmitt fölginn í kjarnorkustríði. Sérhver tegund samkomulags milli austurs og vesturs gerir sitt til að draga úr þessari áhættu og sannfæra ríkisstjórnirnar um, að styrj- öld er ekki heppileg til þess að bjarga verðmætum. Þegar til dæmis rætt er um frelsi, áttu menn að gera sér ljóst, að kjarnorkustríð myndi einmitt binda endi á allt frelsi, þegar að því kæmi að fast við afleiðingarnar: hungrið, sjúk- dómarnar, ringulreiðin. Styrjöld getur hvorki fært út né varð- veitt frelsi, heldur aðeins vax- andi öryggistilfinning og eyð- ing þess ótta, sem elur af sér umburðarleysi. Ef báðir deilu- aðilar skyldu þann sannleik, yrði heimurinn brátt friðsæll og farsæll.

Baldur Ragnarsson þýddi.

Framarar

Framhald af 4. síðu. mannahöfn. Miðvikudaginn 7. nóv. keppa Framarar svo í Slagelse við lið staðarins, en handknattleikur er þar mjög í hávegum hafður. Það var í íþróttahöllinni í Slagelse sem Íslendingar háðu landsleik við Dani 1959 fyrir fullu húsi á- horfenda. Danir unnu þann leik með 23:16. Íslenzku leik- mennirnir gátu sér mjög gott orð fyrir leikinn. Þeir höfðu vinninginn í hálfleik — 11:9, en í síðari hálfleik reyndist út- hald Dananna mun meira og það færði þeim sigur.

Lið Fram er vel búið undir þann hildarleik sem framund- an er. Framarar hafa æft af krafti og ástundum fyrir þessa keppni. Í leikjum Reykjavík- urmótsins undanfarið höfum við séð að þeir búa yfir miklu, og eru vísir til að standa sig með þrýði á erlendum vett- vangi. Við óskum þeim braut- argengis.